


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Áfangaheiti ÍSAN1MR05 Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 4		

Kennari	Anna Lilja Harðardóttir	Sk.st.	ALH
----------------	-------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Lýsing á áfanga:

Unnin verða ritunarverkefni af ýmsu tagi; frásagnir, útdrættir og stuttar ritgerðir. Einnig lesa nemendur og vinna með ýmis konar texta; úr dagblöðum, fréttamiðlum, smásögur og ljóð. Farið verður í undirstöðuatriði íslenskrar beygingarfræði, setningafræði og ritunar. Áfram er lögð áhersla á hópefli, samvinnu og samskipti og að nemendur verði sjálfbjarga úti í samfélaginu t.d. með því að kenna þeim að nota almenningssamgöngur. Lögð er áhersla á að nemendur viti hvaða leiðir þeim eru færar í námi og að þeir þekki íslenska framhaldsskólakerfið og tækifærin til að ljúka námi. Farið er í heimsóknar- og kynnisferðir á ýmsar stofnanir samfélagsins s.s. heilsugæslu, Amtsbókasafnið, Hof, Alþjóðastofu, Rósenborg, Sjónlistamiðstöðina og önnur lista- og menningarsöfn. Nemendum er kynnt íþróttá- og tómstundastarf í nærsamfélaginu.


Forkröfur: ÍSAN1OF05

Markmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- íslenskri málnotkun, mæltu og rituðu íslensku máli
- ritun mismunandi texta
- mikilvægi tjáningar í samskiptum
- helstu stofnunum í nærsamfélaginu og tengingu þeirra við menningu
- starfsemi stofnana sem veita þjónustu til þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku
- námsleiðum sem íslenska framhaldsskólakerfið býður upp á

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa texta, túlka ljóð og vinna verkefni þeim tengd
- skrifa ýmsar tegundir texta í samfelldu máli
- draga saman aðalatriði í textum

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Áfangaheiti ÍSAN1MR05 Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 4		

- rita einfalda stutta texta og sögur
- skoða námsframboð og námsleiðir og tengja sínu áhugasviði
- leita sér aðstoðar með einfaldar fyrirspurnir til stofnana

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta sjálfan sig og setja sér markmið m.t.t. áhugasviðs og útbúa námsáætlun fyrir nám sitt
- auka almenna færni í íslensku máli
- nýta sér mælt mál og ritað í daglegu máli
- lesa ýmsa texta svo sem fréttir í dagblöðum og á netinu
- tjá sig munnlega og skriflega
- panta sér tíma hjá heimilislækni, fara á söfn og leita sér upplýsinga um íþrótt- og félagsstarf í nærsamfélaginu

Námsgögn:


Orð fyrir orð eftir Evu Örnólfsdóttur, 3. útg. 2011

Veraldarvefurinn, ýmsar vefslóðir sem kennari vísar til og orðabækur
Fjölrit af ýmsu tagi frá kennara, smásögur, ljóð, dagblöð, tímarit og fl.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (4 vikur) 6. jan. – 29. jan. **Kynningar, sagnorð, ritun og heimsóknir**

Kynning á áfanganum og nemendur kynna sig. Samvinnu- og samskiptaverkefni nemenda, skrifleg og munnleg (5% af lokaeinkunn). Grundvallaratriði ritunar rifjuð upp og unnið með ritunarverkefni af ýmsu tagi, dagblöð, fréttir o.fl. (10% af lokaeinkunn). Nemendur vinna verkefni í tölvustofum og farið verður í heimsóknir í nærsamfélaginu (verkefni 10% af lokaeinkunn). *Orð fyrir orð eftir* Evu Örnólfsdóttur: Sagnir á bls. 93-105; Orðaröð og setningar bls. 130-138 og setningafræði (verkefni 10% af lokaeinkunn). **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 35% af lokaeinkunn.**

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Áfangaheiti ÍSAN1MR05 Námsáætlun vorönn 2016	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 4		

2. lota (4 vikur) 1. febr. - 26. febr. **Smásögur, framhaldsskólinn, málfræði, útdráttur og heimsóknir**

Nemendur lesa smásögur, vinna ýmis verkefni munnleg og skrifleg (samtals 15% af lokaeinkunn). *Orð fyrir orð eftir* Evu Örnólfsdóttur: Lýsingarorð bls. 103-125 (verkefni 5% af lokaeinkunn). Framhaldsskólinn kynntur; námsmöguleikar og áfangakerfið. Heimsóknir í nærsamfélaginu og verkefni þeim tengd (5% af lokaeinkunn). **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 25% af lokaeinkunn.**

3. lota (5 vikur) 29. febr. – 1. apríl (Páskafri) **Áhugamál, kynningar, atvinnuumsókn, ferilskrá og heimsóknir**

Orð fyrir orð eftir Evu Örnólfsdóttur: Störf og atvinna bls. 126-129; Spurnarorð bls. 138-142 og Áhugamál bls. 145-149. Nemendur gera ferilskrá, atvinnuumsókn og vinna verkefni í tölvustofu (10% af lokaeinkunn). Kynning á ípróttu- og tómstundastarfi, farið í heimsóknir í nærsamfélaginu og verkefni þeim tengd (5% af lokaeinkunn). Ýmis munnleg verkefni og skrifleg sem tengjast kynningu á áhugamálum og fl., (10% af lokaeinkunn). **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 25% af lokaeinkunn.**


4. lota (5 vikur) 4. apríl – 6. maí **Ljóð, munnleg / skrifleg verkefni**

Nemendur lesa ljóð og vinna munnleg og skrifleg verkefni þeim tengd (10% af lokaeinkunn). *Orð fyrir orð eftir* Evu Örnólfsdóttur: Eignarfornöfn bls. 142-145 og verkefni (5% af lokaeinkunn). **Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 15% af lokaeinkunn.**

Námsmat og vægi námsþátta:

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Verkefni nemenda, jafnt munnleg sem skrifleg, eru metin til einkunnar ásamt verkefnum sem lögð eru fyrir í lok hvers námsþátta. Áhersla á eintaklingsmiðað námsmat.

Ekki verður notaður hefðbundinn talnakvarði við mat á frammistöðu nemenda heldur fá nemendur annað hvort S (staðið) eða F (fall) í lok annar. Þeir nemendur sem ekki

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sambykkt: HJS		
Síða 4 af 4	Áfangaheiti ÍSAN1MR05 Námsáætlun vorönn 2016	

ljúka áfanganum með tilskildum árangri fá einkunn á kvarðanum 1-4.

Námsmat og vægi námsþátta:

Kynningarverkefni nemenda Samvinnu- og samskiptaverkefni	5%	Nemendur vinna tveir og tveir saman, kynna hvor annan og flytja munnlega. Samvinnu- og samskiptaverkefni nemenda.
Ritunarverkefni	10%	Nemendur vinna ritunarverkefni, frásagnir og samantektir á ýmsu efni.
Vettvangsverkefni	10%	Nemendur vinna ritunarverkefni um heimsóknir í nærsamfélagið.
Sagnir og setningafræði	10%	Nemendur vinna sagnaverkefni og hjálpargögn eru leyfð.
Smásögur	15%	Nemendur lesa smásögur og vinna efnisspurningar og frásögn um sögurnar.
Lýsingarorð	5%	Prófverkefni í lýsingarorðum og hjálpargögn eru leyfð.
Vettvangsverkefni	5%	Nemendur vinna ritunarverkefni um heimsóknir í nærsamfélagið.
Ferilskrá og atvinnuumsókn	10%	Nemendur vinna ferilskrá og atvinnuumsókn í tölvu.
Vettvangsverkefni	5%	Nemendur vinna ritunarverkefni um heimsóknir í nærsamfélagið.
Áhugamál	10%	Nemendur vinna verkefni um áhugamál sitt og skila munnlega og skriflega.
Ljóðaverkefni	10%	Nemendur lesa ljóð og vinna ljóðaverkefni.
Málfræði / Eignarfornöfn	5%	Eignarfornafnaverkefni og hjálpargögn eru leyfð.

Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:
5/16 Anna Líbra H.
Undirritun kennara

Asbjörg Benediktssd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils